

Samstarf

Í Varmahlíðarskóla er leitast við að hafa sem víðtækast samstarf innan skólans sem og utan til þess að auka víðsýni okkar og þekkingu. Þannig er samstarf milli bekkja, stiga og námsgreina samofið og eðlilegur hluti skólastarfsins allt árið um kring. Bekkjarhópar á misjöfnum aldri hittast og vinna verkefni saman. Svokallaðir vinabekkir eru innan skólans sem hefð er fyrir að komi saman á baráttudegi gegn einelti og í aðdraganda jóla auk annarra verkefna sem ákveðin eru í samvinnu hverju sinni. Einnig er hópaskipting í þemavinnu gjarnan þvert á aldur.

Samstarf kennara og starfsfólks er af ýmsum toga en stefnt er að aukinni samþættingu námsgreina. Samstarf starfsfólks er margvíslegt s.s. í kringum uppsetningu árshátíða, á hreyfidögum og vegna uppbrotsdaga af ýmsu tagi s.s. fyrir jól og páska. Einnig er gríðarlegt samstarf vegna umsjónar nemendahópa.

Samstarf sérkennara og umsjónarkennara

Samstarf sérkennara og umsjónarkennara felst í sameiginlegri umsjón með nemendum með sérþarfir. Hlutverk sérkennara er að hafa umsjón með námsefni handa nemandanum og vera kennaranum innan handar með leiðir að settum markmiðum. Sameiginlega vinna þeir að einstaklingsnámskrá nemanda.

Samstarf stuðningsfulltrúa og umsjónarkennara

Samstarf stuðningsfulltrúa og umsjónarkennara felst í samvinnu við kennslu nemenda. Þar er kennarinn verkstjóri og stuðningsfulltrúi vinnur eftir fyrirmælum hans.

Samstarf verkgreinakennara og umsjónarkennara

Stefnt skal að auknum samvinnuverkefnum milli greina þar sem umsjónarkennari og greinakennarar vinna að sameiginlegu verkefni með mismunandi nálgun. Markmið þess konar vinnu er að nemendur nálgist ákveðið viðfangsefni frá mörgum hliðum.

Samstarf skólaliða, mötuneytis, starfsfólks íþróttahúss, húsvarðar og kennara

Skólaliðar hafa umsjón með nemendum á svæðum skólans utan kennslustofu. Þeir aðstoða nemendur í matsal og útivist og hafa gæslu með nemendum. Ef eitthvað kemur upp í útivist koma skólaliðar boðum til umsjónarkennara.

Stefnt skal að því að einn umsjónaraðili (Aðstoðaskólastjóri) beri ábyrgð á því að láta skólaliða, starfsfólk íþróttahúss, skólabíla og húsvörð vita ef breytingar eru á hefðbundinni dagskrá.

Öryggi nemenda er betur tryggt með góðu samstarfi á milli allra þessara aðila.

Mikilvægt er að allir aðilar fái upplýsingar um nemendur ef um frávík er að ræða eða eftir þörfum.

Samstarf við foreldra og heimili

Samstarf skólans og heimila byggir á því markmiði að vinna sameiginlega að árangursríkri skólagöngu nemenda. Foreldrar eru ávalt velkomnir í skólann hvenær sem er. Að hausti eru allir foreldrar boðaðir á kynningarfund um skólastarfið. Þar er farið yfir praktísk mál og kynntar helstu áherslur skólastarfsins. Umsjónarkennurum er veitt svigrúm til að ræða við foreldra sinna umsjónarhópa og foreldrar geta viðrað málin sín á milli.

Foreldrar eru boðaðir á skólasetningu og skólaslit auk þess sem þeir mæta ásamt barni sínu til samtals við umsjónarkennara á samráðsdegi tvisvar að vetri. Foreldrum er boðið sérstaklega í heimsóknir við ýmiss tækifæri s.s. árshátíðir og þegar bekkir vinna sérstök verkefni.

Foreldrafélag

Við skólann starfar foreldrafélag. Félagið heldur aðalfund að hausti þar sem kosið er í stjórn og fulltrúar foreldra valdir í skólaráð. Aðalfundur foreldrafélagsins skipar einnig fulltrúa í bekkjarráð. Foreldrar hafa séð um fjölskylduskemmtun á Öskudaginn, tekið þátt í lokadegi félagsmála á unglíngastigi og komið að vorhátíð nemenda á síðasta skóladegi að vori. Einnig veita foreldrar dyggan stuðning við maraþon 10. bekkjar og aðra fjáröflun útskriftarnemenda. Foreldrafélagið hefur einnig boðið til jólafundurs í upphafi aðventu.

Samstarf við aðila utan grunnskólans

Gaman saman, samstarf við leikskólann Birkilund

Varmahlíðarskóli og leikskólinn Birkilundur, sem þjóna sama skólahverfi, hafa með sér samstarf sem heitir **Gaman saman**. Það byggir á gagnkvæmum heimsóknum milli skólahóps leikskólans og allra bekkja grunnskólans. Markmiðið er að auka félags- og tilfinningaþroska nemenda og undirbúa skólahóp leikskólans fyrir skólaveru. Í því felst að elstu nemendur leikskólans (skólahópur) koma í skipulagðar heimsóknir í Varmahlíðarskóla veturinn áður en skólagangan í 1. bekk hefst. Nemendur í skólahópi fá kynningu á öllum vistarverum skólans og fá að upplifa skólastarfið með heimsóknum í kennslustundir. Þeir fara þannig í heimsókn í allar sérgreinastofur skólans auk almennra kennslustofa, íþróttahúss og sundlaugar. Að jafnaði er um eina til tvær heimsóknir í mánuði að ræða. Þá heimsækja nemendur Varmahlíðarskóla einnig leikskólann samkvæmt skipulagðri dagskrá. Þar hefur verið leikið, lesið og sungið. Þetta verkefni hefur gengið mjög vel. Einnig fara fram kennaraskipti þar sem einn kennari úr hvorum skóla kemur einn dag í hinn skólann í heimsókn og fylgist með starfinu.

Við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

Nemendum í 10. bekk býðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýta allir 15 nemendur bekkjarins sér það.

Nemendum 10. bekkjar er boðið í kynnisferð í FNV á haustönn. Námsframboð er kynnt sem og húsakynni og félagslíf skólans. Einnig hafa forsvarsmenn FNV komið og kynnt skólann og mögulegar námsleiðir að loknum grunnskóla.

Nemendur valgreinarinnar smíðar-FabLab fara í FNV til að njóta leiðsagnar verkefnastjóra FabLab og til að komast í vélarnar í Fab Lab smíðjunni til að klára verkefnið sem þeir eru búnir að grunnavinna í tölvum.

Við Tónlistarskóla Skagafjarðar

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Nemendur skólans eiga kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli skólanna, meðal annars um skólakór og ýmsa viðburði, söngstundir allra nemenda í setustofu og ýmsar tónlistarupptökur.

Við Háskólann á Hólum

Nemendur 9. bekkjar fá í vetur, sem og undanfarin ár, tækifæri til að taka þátt í Hestadögum á Hólum. Hestadagarnir eru liður í æfingakennslu 1. árs nema á hestabraut Hólaskóla þar sem þau fá tækifæri til að æfa sig í að kenna byrjendum og/eða aðeins vönum hestamennsku. Kennslan er bókleg og verkleg og tengist hestum, hestahaldi og því að vera góður hestamaður.

Við eldri borgara á Löngumýri

Nemendur í 10. og 7. bekk fara hvor um sig eina ferð að vetri að Löngumýri, lesa, flytja tónlistaratriði fyrir fólkið og spila við það.

Við Rauða krossinn

Nemendur í 10. bekk sækja skyndihjálparnámskeið á vorin í boði Rauða krossins.